

fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis gerir fógeti lögtak í eign gerðarþola bifreiðinni R-8859, sem er Nissan Laurel 1983.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 11. desember 1985.

Nr. 172/1984. **Hreiðar L. Jónsson**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Lögtak. Lögtaksúrskurður og lögtaksgerð úr gildi felld.

Fyrning lögtaksréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ólafur Sigurgeirsson, aðalfulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð og framkvæmt lögtaksgerðina samkvæmt honum.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 11. greinar laga nr. 29/1885 og 16. grein laga nr. 75/1973 hinn 24. ágúst 1984. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður og hin áfrýjaða lögtaksgerð verði ómerkt. Til vara krefst hann, að úrskurðinum verði hrundið og synjað um framkvæmd hins umbeðna lögtaks og lögtaksgerðin felld úr gildi. Til þrautavara krefst hann, að

lögtaksgerðin verði felld úr gildi. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og lögtaksgerðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hinn 18. janúar 1982 beiddist stefndi þess, að yfirborgarfégetinn í Reykjavík léti gera lögtak hjá áfrýjanda. Lögtaks var beiðst til tryggingar greiðslu vangoldinna iðgjalda vegna áfrýjanda til stefnda á tímabilinu 1. júlí 1980 til 31. desember 1981. Sagði í beiðninni, að krafist væri lögtaks fyrir 5.301,60 krónum auk vanskilavaxta, innheimtukostnaðar og annars kostnaðar, sem af gerðinni leiddi.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, tók lögtaksbeiðnina fyrir í fógetaréttinum 22. mars 1982. Af hálfu áfrýjanda var því mótmælt, að hið umbeðna lögtak næði fram að ganga, og fékk umboðsmaður hans frest til 30. mars til að rökstyðja mótmæli sín. Lagði hann þá fram í fógetaréttinum greinargerð af sinni hendi, þar sem hann færði þau rök að mótmælum sínum, að lög nr. 55/1980, sem iðgjaldakrafa stefnda var byggð á, væru ekki gild réttarheimild, þar sem þau brytu gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, einkum 67. grein og 69. grein. En jafnvel þótt lögin væru talin stjórnskipulega gild, veittu þau efni sínu samkvæmt stefnda ekki heimild til að krefjast iðgjalda af áfrýjanda sem sjóðsfélaga, sist af öllu með lögtaksgerð. Hinn 6. apríl 1982 lögðu aðiljar fram nokkur gögn. Var ágreiningurinn að því búnu tekinn til úrskurðar.

Eftir þetta gerðist ekkert í málinu, uns það var tekið fyrir að nýju í fógetaréttinum 1. mars 1984. Er þá skráð í fógetabók, að Jón G. Zoëga héraðsdómslögmaður sé mættur fyrir gerðarbeiðanda og leggi hann fram úrskurð fjármálaráðuneytisins. Fyrir gerðarþola sé mættur Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, er leggi fram bréf til fjármálaráðuneytisins. Segir síðan í bókuninni:

„Málið var tekið til úrskurðar 29. mars 1982 (sic!), en eftir það kom í ljós, að fá þurfti stjórnvaldsúrskurð um tiltekin ágreiningsatriði. Var því með samkomulagi við umboðsmenn aðila frestað úrskurði. Úrskurðurinn er nú kominn og liggur hann frammi sem réttarskjal nr. 10.

Umboðsmenn aðila lýsa nú gagnaöflun lokið og leggja málið í úrskurð.

Málið er tekið til úrskurðar.“

Um hinn tilvitnaða úrskurð, sem dags. er 22. júlí 1983, er þess að geta, að hans var eigi beiðst sérstaklega vegna lögtakskröfunnar á hendur áfrýjanda. Er beiðnin um úrskurð fjármálaráðuneytisins rituð af stefnda 30. júní 1981, og er hún svohljóðandi:

„Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra þarf að fá úrskurð ráðuneytisins um eftirtalin atriði:

1. Hvort leigu- eða sendibifreiðastjórum sé ekki skylt að vera í Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra, eða hvort þeim er heimilt að greiða til Biðreiknings lífeyrisréttinda. Hér er sérlega beðið um úrskurð um þá menn, sem þegar eru farnir að greiða þangað.
2. Hvort þeim atvinnurekendum, sem hafa bifreiðastjóra á launum við leigu- eða sendibifreiðaakstur, sé ekki skylt að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld vegna þeirra manna til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra.
3. Ef menn stunda annað starf samhliða leigu- eða sendibifreiðakstri og greiða í annan lífeyrissjóð vegna þess starfs, hvort þeim beri að greiða einnig til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra, jafnvel þótt þeir greiði af fullum daglaunum í aðra sjóði.“

Sama dag og lögtaksbeiðni stefnda var tekin til úrskurðar að nýju kvað fógetafulltrúinn upp hinn áfrýjaða úrskurð að aðiljum fjarstöddum. Var úrskurður hans án forsendna. Hafði þess ekki verið krafist sérstaklega af aðiljum, að forsendur yrðu látnar fylgja ályktarorði. Er úrskurðurinn svohljóðandi:

„Umbeðið lögtak fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málkostnaður fellur niður.“

Hinn 7. mars 1984 framkvæmdi fógeti síðan hið áfrýjaða lögtak samkvæmt greindum úrskurði sínum.

Ómerkingarkröfu sína reisir áfrýjandi á því, að fógeta hafi borið að láta forsendur fylgja ályktarorði sínu. Málflutningur hafi farið fram um lögtaksbeiðnina og hafi fógeta mátt vera ljóst, að a.m.k. áfrýjandi hafi miðað málflutning sinn við, að úrskurður um framgang gerðarinnar yrði með forsendum. Beri eigi að skýra 3. mgr. 190. greinar laga nr. 85/1936, sbr. 40. grein laga nr. 28/1981, á þann veg, að forsendum skuli eða megj jafnan sleppa í úrskurði, ef þeirra er ekki krafist í bókudum orðum af hálfu aðilja. Í öðru lagi hafi fógeti eigi aðeins látið undan falla að láta forsendur fylgja

ályktarorðinu, heldur verði ekki af úrskurði hans séð, um hvað lögtaksbeiðnin fjalli og fyrir hverju lögtak sé heimilað. Þessi atriði hafi fógeta verið skylt að greina í úrskurði sínum annaðhvort í ályktarorðinu eða í aðfararorðum nema hvorttveggja væri. Þá hafi umboðsmanni áfrýjanda ekki verið tilkynnt sérstakalega, hvenær lögtakið ætti fram að fara.

Aðrar kröfur sínar styður áfrýjandi í meginatriðum sömu rökum og hann færði fram í fógetaréttinum.

Stefndi mótmælir því, að hinn áfrýjaði úrskurður eða lögtaksgerð séu haldin nokkrum þeim annmörkum að formi eða efni, sem leiða eigi til þess, að fella beri þær ákvarðanir fógeta úr gildi.

Lögtaksbeiðni stefnda var að vísu tekin fyrir, áður en liðinn var 2 ára frestur sá, sem settur er í 2. grein laga nr. 29/1885, sbr. 1. grein laga nr. 83/1947. Ekkert var þó gert til að halda lögtakinu áfram frá 6. apríl 1982 til 1. mars 1984. Þykir lögtakinu því ekki hafa verið haldið áfram með hæfilegum hraða og lögtaksréttur sá, er stefndi kynni að hafa átt, hafa af þeirri ástæðu verið fyrndur, er lögtaksgerðin fór fram 7. mars 1984. Þá er það og annmarki á hinum áfrýjaða úrskurði, að hann ber eigi með sér, fyrir hvaða kröfu lögtak átti að framkvæma. Ber samkvæmt þessu að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 20.000,00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð eru úr gildi felld.

Stefndi, Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra, greiði áfrýjanda, Hreiðari L. Jónssyni, samtals 20.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 7. mars 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 7. mars, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Grettisgötu 71 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirsyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið D-42/1982: Lífeyrissjóður leigubílstjóra gegn Hreiðari L. Jónssyni.

Skjöl málsins liggja frammi svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Gunnar Zoëga hdl. og krefst lögtaks fyrir kr. 5.301,60 með vanskilavöxtum til greiðsludags, kr. 700,00 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti lögtak í eign gerðarþola bifreiðinni R-7686, sem er Datsun 1980.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 13. desember 1985.

Nr. 265/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Ólafi Donald Helgasyni

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað upp Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Við birtingu hins kærða úrskurðar fyrir verjanda varnaraðilja hinn 5. þ.m. kvaðst hann kæra úrskurðinn til Hæstaréttar „og gera sömu kröfur og bókaðar voru í þinghaldi 29. nóvember sl.“ Samkvæmt því verður að telja, að dómkröfur varnaraðilja í kærumálinu séu þær, að Ellert Vigfússon verði skyldaður til þess að bera vitni um það, hver maður sá er, sem gaf honum upplýsingar og um ræðir í úrskurðinum.